



Ársskýrsla 2021

SAMTÖK UM
KVENNAATHVARF

Ársskýrsla 2021
Samtök um kvennaathvarf

Ársskýrsla Samtaka um Kvennaathvarf fyrir árið 2021

Ábyrgðaraðili: Sigprúður Guðmundsdóttir,
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

Útgáfustaður: Reykjavík, apríl 2021

Prentað af: Háskólaprent. Umhverfissvottuð prentsmiðja.

Útgefandi: Samtök um kvennaathvarf

www.kvennaathvarf.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Ársskýrsla 2021

Samtök um kvennaathvarf

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar

Árið 2021 í tölum

Árið í athvarfinu

Lykiltölur úr ársreikningi

Töflu- og myndayfirlit

- Tafla 1. Komur í Kvennaathvarfið 2019-2021
- Mynd 1. Samanburður á fjölda í dvöl og viðtöl eftir mánuðum
- Tafla 2. Tegund ofbeldis
- Mynd 2. Uppruni kvenna (viðtöl og dvöl)
- Tafla 3. Búseta kvenna
- Tafla 4. Tengsl við gerendur
- Mynd 3. Aldursdreifing dvalarbarna
- Tafla 5. Búseta dvalarkvenna að dvöl lokinni
- Mynd 4. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldis

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Samtaka um kvennaathvarf og Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins var haldinn í sal Bláðamannafélags Íslands í Síðumúla 23, miðvikudaginn 25. maí 2021 kl. 17:10.

Samkvæmt lögum Samtaka um kvennaathvarf er kosið til tveggja ára setu í stjórn en til eins árs í varastjórn.

Allir sem gefið höfði kost á sér í stjórn og varastjórn á síðasta aðalfundi gáfu kost á sér áfram. Í aðalstjórn sátu Árni Matthíasson, Brynja Hjálmtýsdóttir, Joanna Marcinkowska, Jóna Sólveig Elínardóttir og Nadía Borisdóttir. Í varastjórn áttu sæti Katrín Guðný Alfreðsdóttir og Alda Hrönn Jóhannsdóttir. Gerði uppstillinganefnd tillögu um óbreytta skipan stjórnar og var það samþykkt samhljóða. Þá var stungið upp á Fríðu Bragadóttur og Elvu Dögg Ásu og Kristinsdóttur sem skoðunarmönnum reikninga og var það samþykkt samhljóða.

Sjálfseignarstofnun Kvennaathvarfsins er félag sem hefur það eina hlutverk að eiga fasteign sem hýsir starfsemi athvarfsins. Í stjórn Sjálfseignarstofnunarinnar situr formaður stjórnar Samtaka um kvennaathvarf á hverjum tíma auk þess sem aðalfundur kýs tvo stjórnarmenn til viðbótar. Í stjórnina voru kjörnar þær Guðrún Hallgrímsdóttir og Þórlaug Jónsdóttir og til vara þær Þórdís Guðmundsdóttir og Sabine Leskopf. Fríða Bragadóttir og Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga.

Hlutverk stjórnar Samtaka um kvennaathvarf er samkvæmt lögum félagsins að móta stefnu athvarfsins og hafa eftirlit með fjárreiðum og rekstri samtakanna. Hún er framkvæmdateymi athvarfsins bakland, bæði varðandi dagleg verkefni í athvarfinu og þátttöku í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Jóna Sólveig Elínardóttir var endurkjörin formaður, Árni M. Matthíasson var kjörinn varaformaður, Brynja Hjálmtýsdóttir gjaldkeri og Nadía Borisdóttir ritari. Alla jafna hittist stjórnin mánaðarlega, en þó falla fundir niður í júlí, desember og í aðalfundarmánuðinum apríl. Heimsfaraldur kórónaveiru COVID-19 markaði starf stjórnar líkt og árið áður. Stjórnarfundir voru nær eingöngu á fjarfundaformi, en þeir voru níu talsins, og reyndist það fyrirkomulag vel. Stjórnin tók upp rafræna undirritun fundargerða og flestra annarra gagna sem komu inn á borð stjórnar. Þá lagði stjórn grunn að stefnu samtakanna þar sem hlutverk samtakanna, framtíðarsýn, gildi og stefnutengd markmið til ársins 2027 eru sett fram ásamt aðgerðaáætlun. Stefnan er sett fram í viðauka við skýrslu stjórnar samtakanna.

Árið 2021 einkenndist líkt og fyrri ár af miklum hlýhug og örlæti í garð Samtaka um kvennaathvarf sem og ótrúlegu þolgæði og útsjónarsemi starfsfólks athvarfsins á krefjandi heimsfaraldurstímum. Gerði það að verkum að Samtökin gátu haldið áfram að styrkja starfsemina og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu og þróun í þágu skjólstæðinga athvarfsins, þ.e.a.s. þeirra kvenna og barna sem til athvarfsins leita vegna heimilisofbeldis.

Bygging nýs neyðarathvarfs

Að tillögu framkvæmdastýru Samtakanna var á árinu var skipað í byggingarstjórn vegna byggingar nýs neyðarathvarfs. Voru þau Árni Matthíasson, Brynja Hjalmtýsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Gunnar Þór Arnason, Guðrún Hallgrímsdóttir, Hildur Valdís Guðmundsdóttir, Jóna Sólveig Elínardóttir og Sigþrúður Guðmundsdóttir skipuð í stjórn. Utanumhald og verkstjórn byggingarstjórnar var í höndum Eyglóar Harðardóttur, sem stýrði uppbyggingu áfangaheimilis Samtakanna með miklum myndarbrag, en stjórn samtakanna ákvað að fara þess á leit við Eyglóu að hún myndi taka að sér framkvæmdastjórn vegna byggingar nýja athvarfsins og þekktist hún það boð. Byggingarstjórn fundaði alls 11 sinnum á árinu. Mikil vinna fór í þarfagreiningu, hluti stjórnar fór í vettvangsferð á höfuðborgarsvæðinu til að kynna sér hvernig önnur félög hafa nálgast uppbygginu hjá sér. Þá var undirritaður samningur við Grímu arkitekta ehf. um for- og fullnaðarhönnun nýs neyðarathvarfs ásamt hönnunarstjórn. Í verkinu felst öll hönnun vegna byggingar og lóðarfrágangs, bæði arkitekta og verkfræðinga, en verkið er unnið í góðu samráði við byggingarstjórn athvarfsins.

Sjálfsseignarstofnun Kvennaathvarfsins er félag sem hefur alla jafna það eina hlutverk að eiga fasteign sem hýsir starfsemi athvarfsins. Þau tíðindi urðu á árinu 2021 að kallað var til fundar í stjórn sjálfsseignarstofnunarinnar. Tílefnið var ráðning framkvæmdastýru, stofnun bankareiknings fyrir Sjálfsseignarstofnunina og undirritun hönnunarsamnings í tengslum við byggingaráformin. Var Eyglóu Harðardóttur jafnframt veitt prókúra fyrir hönd sjálfsseignarstofnunarinnar.

Nýtt áfangaheimili Samtakanna

Þau tímamót urðu á síðasta aðalfundi Samtakanna að kosið var í fyrsta sinn í fulltrúaráð Arnrúnar byggingafélags. Tillaga stjórnar SUK um skipan í fulltrúaráð Arnrúnar var samþykkt. Í fulltrúaráð voru kjörin Soffía Eydís Björgvinsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislögreglustjóri, Guðrún Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, Brynhildur Jónsdóttir, rekstrarstýra Samtaka um kvennaathvarf, Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins ehf. og fyrrverandi félagsmálaráðherra, Marta Kristín Hreiðarsdóttir, deildasérfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Bolli Bollason, fyrrverandi aðstoðarráðuneytisstjóri hjá félagsmálaráðuneytinu og Fríða Bragadóttir, framkvæmdastjóri Lauf og fyrrverandi stjórnarformaður Samtaka um kvennaathvarf. Um haustið var síðan nýja og fallega áfangaheimili samtakanna tekið í notkun að viðstöddum ótrúlegum hópi stuðningsfólks og velunnara sem gerðu þennan draum Samtakanna að veruleika. Verður þeim seint ef nokkru sinni fullþakkað en fyrir tilstuðlan þeirra mun fjöldi kvenna og börn þeirra nú geta tekið markviss skref í átt að nýju og öruggara lífi í hlýlegu umhverfi. Fyrstu íbúarnir fluttu inn strax um haustið og Hulda Sædís Bryngeirsdóttir ráðin sem verkefnisstýra faglegs starfs áfangaheimilisins.

Kvennaathvarfið á Norðurlandi

Frá árinu 2020 höfðu Samtök um kvennaathvarf staðið að tilraunaverkefni um rekstur neyðarathvarfs á Akureyri í samvinnu við Bjarmahlíð, sveitarfélög á Norðurlandi eystra, Aflið, félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra. Verkefnið naut sem fyrr mikils stuðnings og velvilja og ljóst að þetta er mikil þjónustubót fyrir þolendur heimilisofbeldis í landshlutanum. Að tilraunatímabilinu loknu ákvað stjórn samtakanna því að fela framkvæmdastýru að þróa áfram samstarf við hlutaðeigandi aðila á svæðinu til að tryggja áframhaldandi rekstur athvarfsins á Akureyri.

Ársskýrsla 2021
Samtök um kvennaathvarf

Stór skref í þágu kvenna og barna

Árið 2021 var annasamt hjá Samtökum um kvennaathvarf á sama tíma og aðstæður voru um margt krefjandi vegna þeirra áskorana og takmarkana sem fylgdu heimsfaraldri COVID-19. Fyrir tilstuðlan vana og velunnara Kvennaathvarsins var áfram unnið ötullega að þróun þjónustu og faglegs starfs innan athvarfsins, t.d. með því að festa barnastarf innan athvarfsins í sessi sem hluta af kjarnaþjónustu innan athvarfsins, en einnig með áframhaldandi þróun og uppbyggingu þjónustu við konur og börn á landsbyggðinni, fyrstu skrefum í rekstri nýs áfangaheimilis samtakanna og markvissum undibúningi byggingar fyrsta sérhannaða neyðarathvarfsins fyrir þolendur heimilisofbeldis hér á landi. Með ómetanlegum stuðningi vana okkar og stuðningsaðila halda samtökin áfram að taka stór skref í þágu þeirra kvenna og barna sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna ofbeldis, með það að markmiði að tryggja þeim skjól, stuðning og kærleiksríkt umhverfi til að vinna sig út úr erfiðum aðstæðum og byggja upp bjartari framtíð.

Stefna stjórnar Samtaka um kvennaathvarf, febrúar 2021

HLUTVERK samtakanna samkvæmt lögum þeirra er:

1. Að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra sem beitt hafa verið andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.
2. Að veita ráðgjöf og upplýsingar til þolenda ofbeldis og aðstandenda þeirra.
3. Að efla fræðslu og samfélagsumræðu um kynbundið ofbeldi.

Í þessu skyni rekur Kvennaathvarfið gístiaðstöðu sem ætluð er til skamms tíma, símaþjónustu og veitir konum og börnum sem þangað leita umönnun, upplýsingar og stuðning.

FRAMTÍÐARSÝN samtakanna er að allar konur og börn þeirra sem hafa verið beitt ofbeldi fái stuðning, tímabundið skjól og kærleiksríkt heimili. Samtökin gegni jafnframt leiðandi hlutverki í fræðslu og samfélagsumræðu um kynbundið ofbeldi og alvarleika þess.

GILDI samtakanna eru:

1. Kærleikur
2. Fagmennska
3. Sveigjanleiki

Ársskýrsla 2021
Samtök um kvennaathvarf

STEFNUTENGD MARKMIÐ samtakanna til ársins 2027 eru:

Þjónusta

1. Komið verði til móts við sem fjölbreytilegastan hóp kvenna og barna.
2. Áhersla verði lögð á að reka athvarfið sem hlýlegt heimili fyrir konur og börn þeirra.
3. Áhersla verði lögð á faglega þjónustu við konur sem leita aðstoðar og ráðgjafar.
4. Áhersla verði lögð á faglega þjónustu við börn í athvarfinu.

Fræðsla og samfélagsumræða

5. Taka virkan þátt í samfélagsumræðunni í forvarnarskyni.
6. Eiga frumkvæði að virkri fræðslu.
7. Vera í góðu samstarfi við aðra sem vinna í málaflokknum, innanlands og erlendis.

Rekstur og starfsemi

8. Að athvarfið hafi yfir að búa fjölbreyttum, áhugasömum og metnaðarfullum hópi starfsfólks sem veiti framúrskarandi þjónustu.
9. Að búa starfs- og heimilisfólki faglegt og sveigjanlegt umhverfi í athvarfinu, sem er í senn hlýlegt og heimilislegt.
10. Að tryggja að traustan rekstrargrundvöll undir framtíðarstarfsemi athvarfsins

Ársskýrsla 2021
Samtök um kvennaathvarf

Árið 2021 í tölum

I. Yfirlit; Komur í athvarfið 2019 - 2021


Tafla 1. Komur í Kvennaathvarfið 2019-2021

	2019	2020	2021
Allar komur í athvarfið	689	758	876
Fjöldi koma í viðtöl	545	620	764
Fjöldi koma í dvöl	144	138	112
- Koma í fyrsta sinn í dvöl	74%	63%	69%
- Áverkar við komu í dvöl	23%	21%	21%
- Dvalarkonur með börn	44%	45%	64%
- Dvalarkonur án barna	56%	55%	36%
<i>Fjöldi íbúa</i>			
Konur	144	138	112
Börn	100	110	100
Samtals	244	248	212
<i>Fjöldi dvalardaga að meðaltali</i>			
Konur	30	30	29
Börn	39	35	38
<i>Fjöldi íbúa á dag að meðaltali</i>			
Konur á dag	12	12	9
Börn á dag	11	10	10
Samtals íbúar á dag	23	22	19

Á árinu 2021 dvöldu 112 konur og 100 börn í Kvennaathvarfinu. Konur og börn dvöldu í athvarfinu í frá hluta úr degi upp í 191 dag. Að meðaltali dvöldu 19 íbúar í athvarfinu á dag en fjöldinn dreifðist mjög misjafnlega á yfir árið. Að auki komu 314 konur í 764 viðtöl í athvarfið án þess að til dvalar kæmi og ráðgjafar úr athvarfinu tóku 345 viðtöl í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis.

Á mynd 1 má sjá dreifingu fjölda koma kvenna í mánuði, skipt eftir tegund þjónustu; dvöl og viðtöl.

Ársskýrsla 2021
Samtök um kvennaathvarf



Mynd 1. Samanburður á fjölda koma í dvöl eða fyrsta viðtal eftir mánuðum

II. Um ofbeldið

Konur sem koma í viðtal eða dvöl í athvarfið eru beðnar að lýsa birtingarmynd ofbeldisins sem þær hafa verið beittar í sambandinu sem þær eru að flýja. Flestar konurnar nefna fleiri en eina tegund ofbeldis. Nær allar konurnar nefna andlegt ofbeldi, en þar á eftir nefna flestar konur líkamlegt og efnahagslegt ofbeldi. Sjá nánar í töflu 2.

Tafla 2. Tegund ofbeldis

	Hlutfall
Andlegt	92%
Líkamlegt	51%
Efnahagslegt ofbeldi	44%
Kynferðislegt	32%
Beint/óbeint gegn börnum	37%
Morðhótun	20%
Kyrkingartak	19%
Stafrænt ofbeldi	17%
Eltihrellir	17%


Þessi hlutföll eru mjög áþekkt tölunum frá síðasta ári, að öðru leyti en því að lægra hlutfall nefnir kynferðislegt ofbeldi, en það voru 39% árið 2020 en 32% árið 2021.

Ársskýrsla 2021 Samtök um kvennaathvarf

Ef skoðuð eru svör kvenna við spurningunni: *Hvað var til þess að þú leitaðir núna í Kvennaathvarfið?* er rauði þráðurinn í svörum kvennanna sá að þær voru orðnar mjög hræddar við karlinn, óttuðust um öryggi og jafnvel um líf sitt og barnanna, voru búnar að fá nóg, eða þær gáfust upp á ástandinu á heimilinu. Þær þurftu stuðning og ráð og sumar þurftu skjól til að flýja ofbeldi á heimilum sínum. Einstakir atburðir svo sem líkamsárás, nauðgun eða það að gerandinn henti konu út voru einnig ástæður sem konurnar nefndu.

III. Konurnar í athvarfinu

Konurnar sem komu í dvöl og viðtöl í athvarfið á árinu 2021 voru á aldrinum 18 til 81 árs og var meðalaldur þeirra var 39 ár. Þær komu frá 48 löndum en þegar uppruni þeirra er greindur sést að 67% þeirra eru íslenskar. Af erlendum konum sem komu í athvarfið á árinu 2021 komu 13% frá löndum innan EES og 18% frá löndum utan EES.



Mynd 2. Uppruni kvenna sem komu í dvöl eða viðtöl í athvarfið á árinu 2021.

Ef konunum er skipt í hópa eftir tegund þjónustu sem þær sóttu sér í athvarfið má sjá að meirihluti viðtalskvenna eru íslenskar en 18% voru af erlendum uppruna erlendar. Á meðal dvalarkvenna eru íslenskar konur 30% en erlendar 70%.

Hlutfall erlendra kvenna sem leitar til athvarfsins er hærra en úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður en íslenskar konur

Ársskýrsla 2021 Samtök um kvennaathvarf

tengslanet fjölskyldu og vina og eiga því í færri hús að venda séu þær beittar ofbeldi á heimilum sínum. Hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánnum samböndum.

Búseta

Stærstur hluti kvennanna sem nýtti sér þjónustu athvarfsins á árinu kom af höfuðborgarsvæðinu. Aðeins færri konur frá Reykjavík komu í athvarfið árið 2021 en árið á undan en hlutfall kvenna af landsbyggðinni helst nokkuð stöðugt á milli ára. Sjá töflu 3.

Tafla 3. Búseta kvenna

	2019	2020	2021
Reykjavík	50%	56%	52%
Höfuðborgarsvæðið utan Rvk.	24%	23%	18%
Suðurnes	6%	5%	7%
Suðurland	5%	6%	5%
Vesturland	3%	3%	3%
Norðurland	2%	2%	2%
Austurland	2%	0%	0%
Erlendis	5%	1%	3%
Ekki vitað	3%	7%	8%

Konum sem ekki hafa tök á því að koma í viðtöl sökum búsetu, er boðið upp á símaviðtöl og í kjölfar Covid var einnig farið að bjóða uppá myndsímtöl fyrir þær konur sem þess óskuðu.

IV. Gerendurnir

Þegar kyn gerenda er skoðað kemur í ljós að 94% þeirra eru karlar.

Gerendurnir voru á aldrinum 16-75 ára og meðalaldur þeirra var 41 árs. Meiri hluti gerenda eru íslenskir (72%) en erlendir voru 28%.

Ef gerendum er skipt í fyrrverandi og núverandi maka má sjá að konur eru að koma út af núverandi maka í samanlagt 44% tilfella en vegna fyrrverandi maka í samanlagt 43% tilfella. Sjá töflu 4


Ársskýrsla 2021
Samtök um kvennaathvarf

Tafla 4. Tengsl við gerendur

	Hlutfall
Núverandi eiginmaður	28%
Núverandi sambýlismaður	11%
Núverandi kærasti	5%
Fyrrverandi eiginmaður	12%
Fyrrverandi sambýlismaður	17%
Fyrrverandi kærasti	14%
Vinur/kunningi/ættingi/annað	13%

V. Börnin

Alls komu 100 börn í dvöl athvarfið á árinu 2021. Þau voru á aldrinum 0 – 16 ára, en yngsta barnið var 4 vikna. Meðalaldur barnanna var rúm 5 ár. Alls komu 6 börn undir eins árs aldri í dvöl í Kvennaathvarfið á síðasta ári en yfir helmingur þeirra var 7 ára og yngri. Sjá aldursdreifingu barna í mynd 3.




Mynd 3. Aldursdreifing dvalarbarna

Ársskýrsla 2021 Samtök um kvennaathvarf

Af öllum konum sem komu í viðtöl eða dvöl á árinu 2021 svöruðu 382 spurningu um hvort þær væru barnshafandi. Alls voru 19 þeirra (5%) barnshafandi þegar þær komu fyrst í athvarfið sem er svipað hlutfall og á árinu 2020 en mun hærra en það var 2019 (2%).

VI. Hvert fara konurnar eftir dvöl?

Konum sem fóru úr athvarfinu og í nýtt húsnæði hefur fjölgað mikið 2 ár í röð, en það voru aðeins 13% árið 2019 en var 29% árið 2021. Hlutfall kvenna sem snýr aftur heim í sömu aðstæður hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu 3 ár, eða frá 15 til 18%. Það hlutfall er þó enn tiltölulega lágt hvort sem miðað er við fyrri ár eða við önnur athvörf í Evrópu. Hlutfall kvenna sem snúa aftur á fyrra heimili en ofbeldismaður er fluttur út, hækkaði úr 6% árið 2020 í 11% árið 2021.



Mynd 4. Búseta kvenna að dvöl lokinni

Af þeim 18 dvalarkonum sem fóru aftur heim til ofbeldismannsins að dvöl lokinni, voru 8 frá löndum utan EES, 2 frá löndum innan EESS og 7 íslenskar.

VII. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldis

Lítið virðist hafa þokast í þá átt að konurnar sem leita í athvarfið hafi notið góðs af úrræðum sem hefðu átt að geta verndað þær, svo sem nálgunarbann eða neyðarhnappur. Aðeins í 3% tilfella fékk ofbeldismaður brottvísun af heimili. Það er umhugsunarefni í ljósi þess hversu stór hluti þeirra hefur hlotið áverka, lögreglan hefur komið á vettvang ofbeldisins, konan hefur verið tekinn kverkataki og/eða óttast um líf sitt. Í töflu 5 eru svör kvennanna við nokkrum spurningum um afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldisins.

Tafla 5. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldisins

Spurning	Sögðu já		
	2021	2020	2019
Hefur þú einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar heimilisofbeldis í sambandinu?	44%	46%	53%
Hefur lögreglan einhvern tímann komið á vettvang vegna ofbeldisins?	36%	37%	42%
Hefur þú einhvern tímann óttast um líf þitt vegna ofbeldisins?	48%	48%	54%
Hefur þú einhvern tímann kært ofbeldið gegn þér?	10%	14%	15%
Hefur gerandinn fengið nálgunarbann vegna ofbeldis gegn þér?	6%	7%	5%
Hefur þú fengið neyðarhnapp vegna gerandans?	2%	4%	5%

Af þeim 37 konum sem sögðust hafa lagt fram kæru vegna ofbeldisins sögðu 3 konur að ofbeldismaðurinn hafi verið sakfelldur, í einu tilfelli var sýknað og 5 konur sögðu málinu hafa verið vísað frá. Önnur mál voru enn í vinnslu eða kæra hafði verið dregin til baka.

Árið í athvarfinu

Kvennaathvarfið í Reykjavík var opið allan sólarhringinn allt árið um kring eins og verið hefur í næstum 40 ár. Þó urðu þau tíðindi í haust að húsið var tómt í fáeina daga þegar íbúahópurinn okkar var allur í farsóttarhúsi. Ýmsar breytingar voru gerðar innan húss, barnastarfið festi sig í sessi sem grunnþjónusta og húsmóðir var ráðin til starfa auk þess sem ýmsar tilraunir voru gerðar með breytingar á vaktaplani og vinnufyrirkomulagi.

Ársskýrsla 2021 Samtök um kvennaathvarf

Tekið var upp samstarf við Rótina sem meðal annars fól í sér fræðslu Rótarinnar til starfskvenna og áfallamiðað hópastarf.

Kvennaathvarfi á Akureyri var opið allt árið 2021 í fyrsta sinn í heilt ár, þar dvöldu á árinu 10 konur og 12 börn í alls 710 daga. Í árslok var tilraunatímabilinu lokið en ákveðið að reka athvarfið áfram þó með svolítið breyttu sniði. Signý Valdimarsdóttir sem verið hafði verkefnisstýra á tilraunatímabilinu fór til annarra starfa og gengið var frá nýju skipulagi í góðri samvinnu við Aflið á Akureyri, Bjarmahlíð, barnavernd Akureyrarbæjar og lögregluna á Norðurlandi eystra.

Viðtalsþjónusta var eins og fyrri ár í boði í athvörfunum og í Bjarkarhlíð en þar var viðvera ráðgjafa athvarfsins aukin í þrjá daga í viku. Vegna heimsfaraldurs var oft einungis boðið upp á símaviðtöl og eru þau í boði áfram þó flestar konur kjósi að koma í viðtöl þegar það er hægt.

Áfangaheimili Kvennaathvarfsins opnaði í nýbyggingu sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Ráðin var verkefnisstýra í 60% starf og fyrstu íbúarnir fluttu úr athvarfinu yfir í áfangaheimilið í október. Áætlun um að húsið fyllist á fyrsta árinu virðast ætla að ganga eftir og þannig tryggt að ekki líður langt á milli þess að íbúðir losni fyrir nýja íbúðir. Samtök um kvennaathvarf eru með eina íbúð í húsinu á leigu en hún hýsir nú vinnuástöðu verkefnastýru áfangaheimilisins, skrifstofur samtakanna, fundi, hópastarf og heimsóknir auk þess að vera búin til þess að skjóta skjólshúsi undir konur sem, einkum vegna hreyfihömlunar, geta ekki nýtt sér aðstöðuna í Kvennaathvarfinu

Fræðsla um ofbeldi er ein af verkefnum starfskvenna athvarfsins en hún var með svolítið óvenjulegu sniði vegna heimsfaraldursins. Þó var að venju rætt við nemendur háskóla og framhaldsskóla auk kynninga á ýmsum vinnustöðum og hjá félagasamtökum. Við tókum þátt í málþingum og fundum um ofbeldi í nánnum samböndum og ræddum meðal annars um börn á ofbeldisheimilum, aðgang trans kvenna að opinberum rýmum, heimilisofbeldi og covid og það hvernig almenningur getur verið á vaktinni þegar kemur að stuðningi við þolendur ofbeldis. Í aðdraganda Alþingiskosninga stóð Kvennaathvarfið ásamt Kvenréttindafélagi Íslands og Femínískum fjármálum fyrir fjarfundaröð þar sem rætt var við frambjóðendur um jafnréttismál.

Ársskýrsla 2021 Samtök um kvennaathvarf

Samtök um kvennaathvarf leitast við að vera í góðu samstarfi við stjórnvöld, fjölmiðla og önnur félagasamtök. Samtökin eiga fulltrúa í tveimur mansalsteymum á vegum stjórnvalda, í ofbeldisvarnanefnd Reykjavíkur, velferðarvaktinni og í stjórn Bjarmahlíðar á Akureyri. Jafnframt tókum við þátt í verkefninu Saman gegn ofbeldi með Reykjavíkurborg, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu sem og í rekstri Bjarkarhlíðar, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Umsögnum um lagafrumvörp sem lúta að okkar málaflokki var fylgt eftir með fundum með allsherjarnefnd Alþingis auk þess sem fundað var með einstaka þingmönnum, bæjarfulltrúum og embættismönnum um þau mál sem brenna á aðstandendum athvarfsins. Samtök um kvennaathvarf skiluðu, í samvinnu við Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Sígamót, viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda um framkvæmd Istanbúlsamningsins sem er samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum.

Að venju barst Kvennaathvarfinu liðsauki úr ýmsum áttum og er hlýhugur fólks í garð athvarfsins ómetanlegur. Vinum Kvennaathvarfsins, sem er hópur fólks sem styrkir athvarfið mánaðarlega, fjölgar með hverju árinu og gerir okkur kleift að ráðast í ýmis verkefni sem annars hefðu þurft að bíða. Þá eru ótalin samtök, fyrirtæki og einstaklingar sem lagt hafa starfsemi sinni lið með margvíslegum hætti, bæði með styrkjum og sjálfboðastarfi, og verður hlýhugur þeirra í garð Kvennaathvarfsins aldrei fullþakkaður ekki frekar en að starfsfólki athvarfsins verði nokkru sinni fullþökkuð öll sín alúð og úrræðasemi.

Ársskýrsla 2021
Samtök um kvennaathvarf

Lykiltölur úr ársreikningi

	2021	2020
Rekstrartekjur alls	236.543.762	365.396.875
Rekstrargjöld alls	209.846.732	177.270.288
Tekjuafgangur án vaxta	26.697.030	188.126.587
Hreinar fjármunatekjur	1.881.084	573.773
Tekjuafgangur_ársins	28.578.114	188.700.360
Hrein eign í árslok:		
Kvennaathvarfið	413.775.600	385.197.486
Sjálfseignarstofnunin	142.387.676	142.387.676
Samtals	556.163.276	527.585.162

Rekstrartekjur alls lækka um tæplega 129 milljónir króna á milli árunna 2020 og 2021. Megin ástæða þess er að á árinu 2020 lagði ríkissjóður Samtökum um kvennaathvarf til 100 milljónir króna af sérstaka, tímabundna fjárfestingaráttakinu sem ætlað var að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Hluti þessarar fjárhæðar fór til viðhalds á núverandi húsnæði Kvennaathvarsins, hluti fer í hönnun nýs athvarfs sem nú er á hönnunarstigi og hluti í byggingu nýs áfangaheimilis sem opnaði haustið 2021. Það fyrir utan skilaði vitundarvakning um ógnir heimilisofbeldis í Covid faraldrinum sér í aukningu í fjölda styrkja frá fyrirtækjum og einstaklingum.

Rekstrargjöld hækkðu um 32,5 milljónir króna á milli árunna 2020 og 2021. Inni í þeirri tölu er 25 milljóna styrkur sem fór til Arnúnar hses. af styrk ríkissjóðs af sérstaka fjárfestingaráttakinu en restin er hækkaður launakostnaður vegna opunar kvennaathvarfs á Akureyri og vegna ráðningar verkefnastýru við nýja áfangaheimilið.

Tekjuafgangur lækkaði um 160 milljónir miðað við árið á undan, en eins og áður kom fram var árið 2020 afskaplega óvenjulegt og skilaði aukin umræða í þjóðfélaginu um heimilisofbeldi athvarfinu mun meira af tekjum en nokkru sinni fyrr. Þegar farið var af stað með byggingu nýs áfangaheimilis var fjármögnun þeirrar byggingar ekki að fullu tryggð og var sú sjóðsöfnun sem orðið hefur á síðustu árum ætluð til þess að vera bakland við rekstur Arnúnar hses. Vegna þess hve vel gekk að fjármagna byggingu nýs áfangaheimilis geta þessir fjármunir nýst til byggingar nýs kvennaathvarfs, sem er löngu tímabær framkvæmd. Árið 2020 var einnig farið af stað í tilraunaskyni með stofnun

Ársskýrsla 2021 Samtök um kvennaathvarf

kvennaathvarfs á Akureyri. Rekstur þess síðasta árið hefur sýnt að full þörf sé að öðru athvarfi á landsbyggðinni en megin hluti reksturs þess kemur úr sjóðum Kvennaathvarfs.

Í árslok 2021 nam hrein eign Kvennaathvarfsins um 556 milljónum króna að meðtalinni hreinni eign sjálfseignarstofnunar þess. Í lok ársins á undan nam hrein eign 527,5 milljónum og skýrist aukningin af tekjuafgangi ársins.

Gjafir og styrkir 2021

Samtals námu gjafir og styrkir til athvarfsins tæplega 236,5 milljónum króna. Mánaðarlegir styrkaraðilar athvarfsins voru eins og áður, ómetanlegir fyrir rekstur athvarfsins og styrktu athvarfið um samtals um 102 milljónir króna, en söfnun sem byggðist á stöku framlögum skilaði 10 milljónum þar fyrir utan. Helsta sundurgreining gjafa og styrkja fylgir í töflum hér á eftir:

Gjafir:	2021	2020
Vinir athvarfsins	102.235.446	102.258.183
Söfnunarátak: Eins skiptis styrkir	10.112.432	
Þorbjörg Nanna	3.000.000	
Íslandsbanki	3.000.000	
Sigfúsarsjóður	2.500.000	2.000.000
Harpa/Björk Guðmundsdóttir	1.126.380	
Oddur Pétursson ehf.	1.016.200	
Siðfræðistofnun HÍ	1.000.000	
Sling ehf.	1.000.000	
Coca-cola Eur partner ísl.	625.000	1.050.000
Bandalag háskólamanna	500.000	
Felagsgjöld	523.310	567.000
Aðrir aðilar	9.669.992	61.412.692
Samtals	136.308.760	167.287.875

Ársskýrsla 2021
Samtök um kvennaathvarf

Styrkir frá ríki og sveitarfélögum	2021	2020
Ríkissjóður Íslands	82.900.000	81.400.000
Ríkissjóður, sérstakt fjárfestingaráttak		100.000.000
Reykjavíkurborg	12.500.000	12.504.000
Kópavogsbær	1.000.000	1.000.000
Hafnarfjarðarkaupstaður	500.000	0
Garðabær	500.000	500.000
Fjarðabyggð	400.000	400.000
Akraneskaupstaður	450.000	300.000
Reykjanesbær	200.000	200.000
Ísafjarðarbær	200.000	60.000
Sveitarfélagið Ölfus	180.000	170.000
Norðurþing	150.000	150.000
Hveragerðisbær	120.000	120.000
Borgarbyggð	120.000	100.000
Eyjafjarðarsveit	100.000	100.000
Dalvíkurbyggð	100.000	100.000
Rangárþing ytra	100.000	100.000
Rangárþing eystra	75.000	75.000
Blönduósibær	50.000	50.000
Grindavíkurbær	50.000	50.000
Hvalfjarðarsveit	100.000	
Múlaþing	100.000	
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	100.000	
Vestmannaeyjabær	80.000	
Árneshreppur	60.000	
Hrunamannahreppur	50.000	
Fjallabyggð	50.000	
Aðrir		730.000
Samtals	100.235.000	198.109.000